

Lágkúra RÚV og Stígamóta

RÚV hefur tekið enn eitt skrefið í átt til fjölmiðlunarlagkúru í þættinum „Allir krakkar,“ sem fluttur var fyrir alþjóð 1. nóvember s.l. Þátturinn var „unninn í samvinnu við Stígamót og tengist fjáröflunarátaki þar sem safnað er fyrir forvarnarstarfi Stígamóta“ eins og segir á heimasíðu fjölmiðils „okkar allra.“ Þátturinn minnir óþægilega á sams konar fjölmiðlun í samvinnu við sjónvarp Símans og Kvennaathvarfið í september á síðasta nári. Aðferðin er sú sama. Leidd eru fram fórnarlömb karla, konur, sem lýsa þrautagöngu sinni og þjáningum. Öll koma vitnin fram undir nafni (nema eitt), svo auðvelt ætti að vera að auðkenna hinn meinta misyndismann.

Harmsögurnar hræra fólk til meðaumkunar eins og gefur að skilja, skapa tilfinningalegan grunn að múgsefjun RÚV. „Hjartað fer í klessu,“ sagði einn þáttarstjórnenda. Þegar hjartað fer í klessu verður erfitt að hugsa af skynsemi og spyrja gagnrýninnu spurninga. Hvers vegna velja stjórnámálmenn að fela kvenfrelsunaröfgasamtökum jafn mikilvægan hluta heilbrigðis- og félagsþjónustunnar? Alþingi og sveitarfélög fjármagna starf þeirra að mestu leyti, án þess að hafa neitt um starfsemina að segja.

Hugmyndafræðin er skýr. Starfsemin er dulbúin sem jafnréttisbarátta: „Jafnrétti og femínismi eru tvö hugtök sem væru ekki til án hvors annars,..“ Hin eldgamla kvenfrelsaralumma um kúgun kvenna er sígild: „Það sem telst karllægt hlýtur virðingu og völd en það sem er talið kvenlegt er álitid ómerkilegra. Þetta gerir það að verkum að konur og aðrir sem tilheyra minnihlutahópum eru skörinni lægra í samfélaginu en karlar.“ Og frekar er útskýrt: „Samfélagsgerðin okkar er mjög kynjuð og gefur því sem gæti talist *karllægt* meira vægi og virðingu en því sem gæti talist *kvenlegt*. Má [því] segja að kynjamisrétti sé rótgróid og kerfisbundið. Á þessu vekja femínistar athygli og leggja sig fram um að breyta kynjuðum viðhorfum með ýmsum aðgerðum.“ Karlar eru undirrót alls ills. Þeir komu sér upp kúgunartæki, hinu margumrædda „feðraveldi“: „Kynferðisofbeldi er rótgróid í kynjakerfinu þar sem karlar eru í forréttindastöðu gagnvart konum, fólki af öðrum kynjum, unglíngum og börnum.“ Það ætti því ekki að koma á óvart, að „[n]auðgunarmenning er allsráðandi í samfélaginu ...“ Undir þetta tekur kynjafræðikennari úr Borgarholtsskóla í umfjöllun sinni um klám, sem fortakslaust er sagt ofbeldi: „Konur eru kerfisbundið svívirtar og beittar ofbeldi – [í menningu, sem er] gegnsýrð af kvenfyrirlitningu.“ Þetta eru sum sé fræðileg og persónuleg grunnviðhorf þeirra, sem treyst er fyrir mikilvægum hluta heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu og menntun íslensku þjóðarinnar.

Í nýsýndum þætti náði dómgreindarleysi og siðleysi hámarki, þegar ólánsamri stúlku var att á forað sviðsljóssins. Mér varð hreinlega ómótt af sviðssetningunni og þeirri faglegu og siðferðilegu misnotkun, sem átti sér stað. Samkvæmt frásögn starfsmanns Stígamóta sátu ráðgjafar þeirra í mörg ár við að fræða stúlkuna. Speki samtakanna „tók langan tíma að síast inn.“ En það hefur greinilega tekist bærilega, því í framburði stúlkunnar, stjórnað með staðfestandi spurningum ráðgjafa, birtist hugmyndafræði Stígamóta greinilega ásamt nokkrum sjúkdómsgreiningum; ofsakvíða, átröskun, áfallastreituröskun og „flash back“ (skyndilegum ógnarendurminningum). Stígamót hafa sjúkdómsgreint kærastann einnig. Hann er haldinn „sjúkri karlmennsku.“ Þáttarstjórnandi telur að samband ungmennanna hafi verið „ein

samfelld nauðung og nauðgun,“ af hálfu unnustans. Ætli RÚV og Stígamót hafi leitt hugann að líðan hinna meintu ofbeldismanna við umfjöllunina eða hvernig örvað sé til frekari ábyrgðarleysis í umfjöllun í netheimum? Ætli RÚV muni segja þeirra sögu? RÚV og Stígamót kynda undir kynjastriðinu. Ég minni á orð skynsamasta þátttakandans í sýningunni. Gests Pálmasonar, sem hvetur til „að kynin taki sig saman á samfélagslegum nótum og reyni að laga þetta [þ.e. kynjamisklíðina].“

Höfundur er ellilífeyrisþegi